

## Kvenfrelsunaröfbelldi ár og síð

Karlar eru fæddir kynþrjótar, sameinaðir í hinu svokallaða feðraveldi, og una sér við að kollkeyra og kúga konur. Svo hefur verið frá upphafi vega. Flestir kannast væntanlega við þennan boðskap öfgakvenfrelsaranna, sem bulið hefur í eyrum lærðra og leikinna í tvær aldir eða svo. Karlillskan er háttbundið fréttastef í mörgum fjölmiðlum, t.d. uppáhaldsfréttafni í RÚV.

Lítum um öxl! Í Seneca Falls, bæ í Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA), var rituð merk yfirlýsing árið 1848. Hún markar upphaf skipulagðrar kvenfrelsunar í veröldinni. Þar stendur skorinort: „Saga mannkyns er saga um rangindi og valdarán af karla hálfu gagnvart konunni í þeim beina tilgangi að stofna til fullkominnar ógnarstjórnar yfir henni.“ Ætli þessi grundvallarkennisetning, án nokkurs málefnalegs rökstuðnings, hafi tekið breytingum? Skoðum álit nokkurra valinkunnra samtíma kvenfrelsara á karlmönnum. Grundvallarstefið virðist það sama.

„Það eru ... [auðveldar] leiðir til að leggja konu í rúst. Þú þarft ekki að nauðga henni ellegar drepa; þú þarft meira að segja ekki að lemja hana. Hnappheldan dugar. Einu sinni hún er ekki nauðsynleg. Það nægir að láta konuna þræla á skrifstofunni þinni ... [á lúsarlaunum].“ ... „Hvað er karlmaður, þegar upp er staðið? Þegar ég svipast um í dægurmennungunni, skilst mér, að karlmaður sé sá, er serði og drepí. En lífið sjálf kennir mér, að karlinn sé sá, sem þénar peninga.“ ... „Undir sögulegu sjónarhorni er karlinn hið mannlega og hann fer með yfirstjórn náttúrunnar. ... Karlmaður, sem sækist eftir valdi, verður að firra sig öllu, sem gæti hleypt stjórn hans í uppnám – náttúru, konum, börnum.“ (Marilyn French, 1929-2009)

„Réttur kvenna til lífs er rétti karla æðri. ... Þess vegna er útrýming karla góður og réttlætlanlegur gjörningur, sem kemur konum vel og líta má á sem líknardráp.“ (Valerie Solanas, 1936-1988)

„Líta ber á hatur kvenna á körlum sem kvenfrelsunarmótleik. Við ættum að vera hreyknar af því.“ (Julie Bindel, f. 1962)

„Allt of mörgum hefur hentað það ljómandi að ástandið breyttist ekki. Þeir hafa völdin, launin og ofbelldi karla gegn konum hefur verið áhrifarík leið til þess að viðhalda ástandinu.“ (Guðrún Jónsdóttir, f. 1954)

„Hvað nauðgurum viðkemur er erfitt að greina hafrana frá sauðunum. [Þ]ar af leiðandi gerum við ráð fyrir því, að allir karlar séu nauðgarar. Þetta er hinn hryllilegi sannleikur. Hér er um samfélagsvanda að ræða og þess vegna ber körlum að gangast við sameiginlegri ábyrgð sinni – öllum sem einum.“ (Linda Madelen Westerlund Snecker, f. 1983)

„Ofbelldi [karla] gegn konum er bæði orsök og afleiðing misréttis kynjanna. Églíka eða metoo bylgjan afhjúpaði, einu sinni enn, kerfisbundna áreitni og misrétti gegn konum í öllum lögum íslensks samfélags.“ (Katrín Jakobsdóttir, f. 1976)

Karlinn er fól kvenna. Um það virðist ekki blöðum að flétta. Hann hefur tekið sér bólfestu í hug og hjarta yngstu kynslóðanna eins og gefur að skilja. „Vondi karlinn á sér enga eina birtingarmynd, hann er alls staðar og hvergi og þú veist aldrei hvort eða hvenær þú mætir honum. Stundum þekkir þú hann bara af góðu einu þar til hann snýst gegn þér. Stundum laðar hann þig til sín og brýtur á þér.“ ... „Flestar vinkonur mínar, og þegar ég segi flestar á ég

líklega við allar, hafa upplifað hlutgervingu, áreitni eða ofbeldi. Gripið í rass hér, smættun þar, nauðgun í heimahúsi, nauðgun á víðavangi. Kona mér kær var lokuð ofan í kjallara þar sem henni var misþyrmt og vinkona mín glímir við enn við afleiðingar þess að ofbeldismaður sparkaði í höfuðið á henni.“ ... „Ein á gangi í myrkrinu hef ég róað hugann, sem á það til að fyllast af myndum af myrtum konum úr afþreyingarefni þar sem aldrei neitt virðist gerast nema búið sé að myrða konu.“ ... „Ef þú veist að vondi kallinn leynist þarna úti en þú getur ekki vitað hvar eða í hverjum, hvernig getur þú þá verið örugg?“ ... „Karlinn sem ógnar öryggi okkar má fara til fjandans.“ (Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir)

Mikið átakanlega eru þetta raunalegar hugsanir, enda þótt einungis sé lýst reynslu einnar, ungrar konu. Hér er greinilega um að ræða tilvistaröryggisleysi, óvissu um sjálfa sig, óöryggi og andúð gagnvart körlum, vonbrigði með samfélagið. Harla óhollt vegarnesti út í lífið. Ingibjörg hefur greinilega tileinkað sér hugsunarhátt kvenfrelsaranna, sem á undan komu. Því gæti verið fróðlegt og gagnlegt að líta um öxl og spyrja. eru kvenfrelsarar firrtir mannvonsku, karlfæð og hatri?

Elizabeth Cady Stanton (1815-1902), sem í letur færði ofangreinda sjálfstæðisyfirlýsingu kvenna, skrifar 1868: „Karlinn er þrunginn tortímingu; harðneskjulegur [og] sjálfselskur. Hann unnir stríði, ofbeldi [og] sigurvinningi, miklast af sjálfum sér og leggur að fótum sér. Eins og í hinum veraldlega heimi sáir hann í siðferðið ósætti, glundroða, sjúkdómum og dauða.“ Elizabeth flutti m.a. kvenfrelsunarfyrirlestra á samkomum hjá hinum alræmdu Klu Klux Klan samtökum, sem fordæmdi blökkumenn og tók þá af lífi.

Margaret Louise Higgins Sanger Slee (1879-1966), var forkólfur í kvenfrelsunarhreyfingunni, hjúkrunarfræðingur, kynfræðingur og rithöfundur, sem stofnaði baráttuhreyfingu gegn körlum í BNA. Hreyfingin helgaði sig takmörkun barneigna, sérstaklega, þegar negrar áttu í hlut. „Okkur [í hreyfingunni] er umhugað um, að það fréttist ekki, að okkur fýsi að útrýma negrum.“ Hún er líklega sú, sem fyrst setti yfirráð kvenna yfir kroppi sínum á dagskrá kvenfrelsunar „Ég er ein drottari líkama míns,“ sagði hún. Margareth fór víða um heim og kynnti hugsjón sína, m.a. til Japans. Þar kynntist hún kvenfrelsaranum, Kato Shidzue (1897-2001), sem hún áður hafði sakað um morð. Margareth hafði jafnframt lýst ánægju með tilraun til að ráða kynssysturina af dögum.

Kvenfrelsarar vestan hafs lögðu ekki einungis fæð á hvíta karla, heldur einnig á blökkumenn af báðum kynjum, og fólk, sem ástundaði „röng“ trúarbrögð. Ein þeirra var Mary Elizabeth Tyler (1881-1924). Hún var talsmaður kynþáttahatus og félagi í Klu Klux Klan samtökunum. Hana dreymdi um ósvíkula þátttöku kvenna í þeirri baráttu: „[K]vennahreyfingin skal standa jafnfætis karlahreyfingunni. ... [K]vennadeildin mun á engan hátt verða hækjustofnun Ku Klux Klan. Hún mun verða sérstök stofnun ... með tengsl við móðurhreyfinguna.“

Lítum því næst austur um haf. Í frönsku byltingunni 1789 eða um sextíu árum áður, en kvenfrelsunaryfirlýsingin var samin í Seneca Falls, gerðu – rétt eins og þar – karlar og konur háværar kröfur um frelsun kvenna. „Morðengillinn“ (l'ange de l'assassinat) Marie-Anne Charlotte de Corday d'Armont/Charlotte Corday (1768-1793) er trúlega kunnust þeirra kvenna, er þar lögðu hönd á plóg. Hún er þó líklega frægust fyrir morðið á einum leiðtoga byltingarinnar, svissneska byltingarbróðurnum og ofbeldisseggnum, Jean-Paul Marat (1743-1793). Hún var fyrir bragðið gerð höfðinu styttir í fallöxinni alræmdu, „Madame Guillotine.“

Hubertine Auclert (1848-1914) var franskur kvenréttindafrömuður, ákafur talsmaður kosningaréttar kvenna og stofnaði 1876 fyrstu hreyfingu Frakka, sem beitti sér sérstaklega í

þá veru (Le Droit des femmes). Síðar eða árið 1900 stofnaði hún félag um kosningarétt kvenna (Suffrage des femmes - suffragette) og stofnaði sömuleiðis og fjármagnaði tímaritið, Kvenborgarann (La Citoyenne). Hubertine stóð fyrir herskúa hugmyndafræði (e. militant feminism, militant suffragettes) og sótti fyrirmyndir til kynsystra sinna af því sauðahúsi í Bretlandi, sem síðar verður greint frá. Hún hlaut dóm fyrir skemmdarverk.

Fyrir dómara útskýrði Hubertine: „Mér er eftirsjá í háttsemi þeirri, [braut atkvæðaseðlakassa og gluggarúðu) sem hér er tekin fyrir; eftirsjá vegna þess, að ég er verulega andsnúin ofbeldi. En ég hegðaði mér með þessum hætti, þvinguð fram á gnípu eins og allir félagar mínir í baráttunni fyrir kosningarétti [kvenna] eru. Því veldur sjálfumgleði karlanna.“

Það skarst í odda með Hubertine og hinum hófstiltari baráttumönnum í sambandi við ráðstefnu um réttindi kvenna árið 1878. Hún andæfði og skrifaði: „Mér er kunnugt um, að skæruliðar í baráttunni fyrir frelsun kvenna, telji það ekki tímabært að krefjast stjórnmalalegra réttinda. Mitt eina svar til þeirra er þetta; konan er rænd og ruðuð vera, sem krefst réttlætis. Hún er ekki betlari, sem auðmjúklest biður um góðverk. ... Hvað gætu kúgararnir hugsað, ef baráttumenn fyrir frelsun kvenna séu hræddir um að móðga þá, og biðja feimnislega um svolitlu betri menntun, heldur stærri brauðskammt, heldur minni auðmýkingu í hjónabandinu.“

Uppihald sitt fjármagnaði Hubertine með arfi eftir foreldrana, sem voru landeigendur. Hún sagði: „Ég lét körlunum eftir þau forréttindi að greiða skatt þann, sem þeir taka upp og ráðstafa að eigin vild.... Ég er réttlaus og greiði því enga skatta. Ég kys ekki, ég greiði ekki.“ Franska byltingin hafði smám saman liðið undir lok, þegar hér var komið sögu, og hugmyndir um byltingarkvenfrelsun settar á ís. En önnur bylting var í aðsigi, rússneska byltingin.

Vera Ivanovna Zasulich (1849-1919) var rússneskur byltingarsinni, þýðandi verka eða hluta verka hins fræðilega byltingarforkólfs, Karl Marx (1818-1883). Hún átti í bréfskriftum bæði við hann og Friedrich Engels (1820-1895), annan frömuð byltingar og kvenfrelsis. Vera var meðstofnandi fyrstu marxísku byltingarhreyfingar Rússa 1883 í Genfar, Frelsun vinnunnar. Aukin heldur stóð hún, ásamt nafntoguðum, rússneskum byltingarmönnum á borð við Leon Trotsky/Lev Davidovich Bornstein (1879-1940) og Vladimir Lenin/Vladimir Ilyich Ulyanov (1870-1924), að skipulagi rússneska byltingarflokksins, Lýðræðislega jafnaðarverkamannaflokknum (Social Democratic Labour Party).

Vera skrifaði bók með kunnnum byltingarsinna, Mikhail Alexandrovich Bakunin (1814-1876). Hún reis til metorða í byltingarhreyfingunni sökum menntunar og skarpskyggni og beitti sér fyrir og tók þátt í fræðslu og menntun alþýðunnar. Vera var andsnúin vopnaðri byltingu Bolsévika, en var fylgismaður þátttöku Rússa í fyrra heimsstríði. Vera var herská eins og kvenfrelsunarsysturnar í BNA og Frakklandi. Kunnust er hún hugsanlega fyrir morðtilræði gegn borgarstjóra Sankti Pétursborgar, Fyodor Fedorovich Trepov (1809-1889) árið 1877.

Öllu herskárri var þó baráttusystir Veru og landi, Alexe Popova (d. 1909) rússneskur baráttumaður kvenfrelsis, sem einnig kom við sögu morða í Sankti Pétursborg. Um aldamótin 1900 stóð hún að morðum rétt um þrjú hundruð eiginkarla kvenna (líklega með bakstuðningi morðsveitar kvenna), sem töldu sig beittar „heimilisofbeldi.“

Öfgar, ofstopi, hatur og skemmdarverk einkenndu einnig baráttu kvenfrelsaranna í Stóra-Bretlandi. Konur úr kvenréttindasamtökunum tóku m.a. þátt í flokksstarfi breskra fasista, þar á meðal Norah Elam (1878-1916), sem m.a. var í framboði fyrir flokkinn, og Mary

Richardson (1882/1883-1961), kanadískur blaðamaður, sem veitti forstöðu kvennadeild flokksins og var annáluð fyrir ofbeldi, enda ákafur stuðningsmaður breskra kvenréttindakvenna. Mary tók upp þráð fyrrgreindrar Margaret Louise Higgins Sanger Slee um yfirráð kvenna yfir kroppi sínum. Í „National Gallery“ í Lundúnum“ tætti hún sundur málverk af nakinni konu, Rokeby Venus, eftir spænska listmálarann, Diego Velázquez (1599-1660), til að mótmæla hlutgervingu konunnar. (Vonandi taka kvenfrelsararnir í Seðlabandanum ekki upp slíka iðju, þótt þeim sé illa við geirvörtur kvenna á málverkum.)

Emmeline Pankhurst (1858-1928), leiðtogi Félags- og stjórnmalasambands kvenna (Women's Social and Political Union) var fyrirmynd Mary. En Emmeline var margsinnis fangelsuð fyrir íkveikjur og önnur skemmdarverk. Eplið féll ekki langt frá eikinni að þessu sinni frekar en endranær. Dóttirin, Christabel Hattrette Pankhurst (1880-1958), “drottning múgsins,” fetaði í fótspor móðurinnar. Hún var sérstaklega herská, margfangelsuð fyrir skemmdarverk.

Mary Sophia Allen (1878-1964), kvenfrelsunarsystir fyrrgreindra, breskra kvenfrelsara, var leiðtogi kvennadeildar lögreglunnar. Hún var enginn eftirbátur Emmeline, hvað ofbeldi snerti. Mary hreifst af og dáði Adolf Hitler (1889-1945), leiðtoga þýska nasista, Benito Amilcare Andrea Mussolini (1883-1945), leiðtoga ítalskra fasista og Oswald Ernald Mosley (1929-2930), leiðtoga breskra fasista.

Það er ekki bara svo, að eplið falli sjaldan langt frá eikinni. Fátt er nýtt undir sólinni einnig. Boðskapur nútímakvenfrelsara er sígildur. Sviðsmynd Mona Eltahawy, nýstirnis kvenfrelsaranna, „þar sem við [konur] myrðum ákveðinn fjölda karlmanna í viku hverri,“ kann meira að segja að virðast mildileg í samburði við fjöldamorð á körlum í Rússlandi og hugaróra frumherjanna um eyðingu trúflokka og kynþátta.

Formæður nútímakvenfrelsara hvöttu einnig unga karlamenn og drengi til þátttöku í þeim skelfilega hildarleiki, sem fyrsta heimstyrjöldin var. Þær frýjuðu þeim hugrekkis og brigsluðu þeim um svik við konur og föðurland. En inntak áróðursins var öðrum þræði sá að bjarga nauðstöddum konum frá þýskum nauðgurum.

Það er athyglisvert, að þegar í fyrstu bylgju kvenfrelsunar gætti haturs í garð karla. Hugarórar um kúgun kvenna frá upphafi mannkyns og um allra handa ofbeldi gagnvart þeim, voru algengir. Hugarórar um yfirburði kvenna og sakleysi voru einnig tíðir, áamt tilraunum til útrýmingar karla.

Þýðingar eru höfundar.